

Andmæli við skoðunarskýrslu #2072

1. Fram kemur í niðurstöðu Mast að **óreiða** sé í lífmassa bókhaldi félagsins. Félagið telur að þetta orðalag sé ónákvæmt. Það er ekki óreiða í lífmassa bókhaldi félagsins. Hinsvegar er nákvæmni talningartækja ekki 100%. Þegar félag eins og Arctic Sea Farm sem er með kvaðir um stærð seiða við útsetningu með tilheyrandi flokkun og þegar fiskur er meðhöndlaður og endurflokkaður á eldisferlinum í mismunandi kvíar er nauðsynlegt til að stemma af Bókhald að horfa til heillar staðsetningar í sumum tilfellum þar sem ekki er 100% nákvæmni í talningum. Í því felst ekki óreiða heldur eru talningar ekki nákvæmnari en svo að slíka afstemmingu þurfi til þegar svona atburður kemur til. Einnig er ofaukið að segja að þurft hafi sjálfstæða rannsókn Mast til að komast til botns í tölum úr bókhaldi.

Arctic Fish telur því ónákvæmt og ósanngjarnt að tala um óreiðu, nær sé að halda fram að frávik séu í bókhaldi félagsins. Eins væri betra að tala um að þurft hafi að leggjast yfir tölur úr eldisbókhaldi til að meta strokið, frekar en að tala um sjálfstæða rannsókn MAST.

2. Frávik

a. Verklagsreglur

Verklagsregla sem taka fyrir köfun og móttöku á skýrslum úr neðansjávareftirliti er til staðar og var til staðar. Ef beiðni um að þessi verklagsregla sé afhent MAST hefur komið hefur það farið fram hjá okkur. Þessi verklagsregla er til og er í viðhengi.

b. Viðbragðsáætlanir

Matvælastofnun hefur í eftirlitsskoðunum ítrekað yfirfarið umræddar verklagsreglur og ekki gert athugasemd við þær.

Í þessu tilviki skipti ekki máli hvort hefði verið gert á undan og því ekki endilega þarft að minnast á það sem frávik í þessu tilviki. Ábendingin er góð og verður tekið tillit til hennar.

c. Önnur frávik

Að öðru leiti þökkum við fyrir athugasemdir og munum kappkosta að bregðast við þeim eins fljótt og auðið er.